

**Sp.**

**534. Tillaga til þingsályktunar**

[236. mál]

um sjómannatryggingar.

Flm.: Guðlaugur Gislason, Jón Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd sérfróðra manna til athugunar á möguleikum til samfærslu núverandi sjómanna-trygginga, lögboðinna og sammingsbundinna, í eina heildartryggingu. Athugað verði jafnhliða, ef slík samfærsla telst framkvæmanleg, um möguleika til, að heildartryggingin verði boðin út á frjálsum markaði.

**Greinargerð.**

Tryggingar sjómanna á íslenska fiskiskipaflotanum hafa á undanfórnum árum þróast í þá átt, að þær eru nú þegar orðnar flóknari en svo í framkvæmd, að við verði unað, ef nokkur kostur er til úrbóta. Gerir framangreind tillaga ráð fyrir skipun þriggja manna nefndar sérfróðra manna, sem athugi möguleika til og geri tillögu um einfaldari framkvæmd þessara mála, ef fært þykir.

Eins og nú er, greiða útgerðarmenn tryggingariðgjöld vegna áhafna skipa sinna í fjórum liðum, ef sjúkrasamlagsiðgjöld eru meðtalín, og gripur hver tryggingin að meira eða minna leyti inn á svið annarra.

Tryggingar þær, sem hér um ræðir, eru: Í fyrsta lagi hin almenna lögboðna slysatrygging samkvæmt almannatryggingalögunum. Tekur trygging þessi til sjúkrahjálpar, dagpeninga, örorkubóta og dánarbóta. Í öðru lagi sammingsbundin 200 þúsund króna trygging á hvern skipverja. Tekur trygging þessi til dánarbóta og bóta vegna varanlegrar örorku. Og í þriðja lagi sammingsbundin ábyrgðartrygging að upphæð 1250 þús. kr. á skip, þó þannig, að ekki greiðast hærri bætur en 500 þús. kr. fyrir einstakling.

Samkvæmt upplýsingum frá Utvegsbændafélagi Vestmannaeyja eru iðgjöld fyrir þessar tryggingar sem hér segir, og er þá miðað við 100 tonna skip með 11 manna áhöfn og 9 mánaða úthald:

- |   |              |
|---|--------------|
| 1. Slysatryggingar samkvæmt almannatryggingalögunum .....         | kr. 21067.00 |
| 2. Sammingsbundin 200 þúsund króna trygging á skipverja .....     | — 14690.00   |
| 3. Sammingsbundin ábyrgðartrygging (iðgjald kr. 112.00 á tonn) .. | — 11200.00   |

Samtals kr. 46957.00

Flutningsmenn telja sjálfsagt, að athugað verði af sérfróðum mönnum, hvort ekki sé unnt að gera tryggingar þessar einfaldari í framkvæmd með því að færa þær saman í eina heildartryggingu og þá um leið ódýrari, án þess að réttur hinna tryggðu verði í nokkru skertur.

Telja flutningsmenn, að um tvær leiðir geti verið að velja í þessu sambandi: Eð almannatryggingarnar taki að sér allar framangreindar tryggingar gegn einu ákveðnu iðgjaldi, eða að tryggingarnar verði boðnar út á frjálsum markaði sem ein heildartrygging.